

## Kynhrakningakonur: leikrit í fjórum þáttum (að svo komu máli)

Í októbermánuði stunduðu Þjóðverjar löngum ölsvall með miklum tilþrifum. En nú er öldin önnur, viðbúið að vonda veiran valdi usla í samskiptum kynjanna þar eins og í Svíþjóð og á Íslandi. Svo nú verða menn að sumbla heima með skelfilegum afleiðingum.

Í upphafi mánaðar varð fréttastofa RÚV, Stígamót, Alþingi, Samtökin 78 og hinn sænski Kvennafriður, að sviðsmynd leikrits, sem hófst með fréttum RÚV í upphafi mánaðarins af heimilisofbeldi í Svíþjóð. Leikstjórar og leikendur eru þaulreyndir kvenfrelsarar fréttastofu RÚV. (Andri Yrkill Valsson er þó trúlega lærlingur.)

### Fyrsti þáttur

Sviðsmyndin er Svíþjóð, skrifstofa samtakanna, Kvennafriðar. Leikstjóri er Rakel Ósk Þorbergsdóttir.

Leikverkið hefst á þessum orðum: „Á þriggja vika fresti er kona myrt af maka sínum í Svíþjóð. Níu þúsund tilkynningar um heimilisofbeldi hafa borist lögreglu þar í landi það sem af er ári.“ (Svipað stef heyrir víða um hinn vestræna heim og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, t.d. að þriðja hver kona sé áreitt kynferðislega. Karlar drepa oft en konur, venjulega kynbræður sína.)

Andri Yrkill Valsson tekur nú við og upplýsir, að minna fari fyrir umræðu um heimilisofbeldi, heldur en ofbeldi glæpagengja. „En fimmta hver árás, sem tilkynnt var til lögreglu í ágúst á þessu ári var framin í nánnum samböndum. Í lang flestum tilvikum beinist ofbeldið gegn konum. Í nýrri heimildamynd er viðtal við konu, sem var beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu eiginmanns síns.“ (Það er ekki upplýst, hver gerði þá mynd, en handbragðið leynir sér varla; kvenfrelsunaráróður.)

Hin ógæfusama kona, sem segir farir sínar ekki sléttar, er ein af níu þúsund „brotþolum,“ sem hafa tilkynnt um heimilisofbeldi, það sem af er ári. Hún er kynnt sem Lina. Frásögnin er vafalítið flestum kunn og óþarfi að fjölyrða um hana.

„Ofbeldið hefur aukist það mikið að sérfræðingar eru farnir að skilgreina það sem útbreitt samfélagslegt vandamál,“ heldur fréttamaðurinn áfram.

Og sérfræðingurinn, sem er Ása nokkur Witkowski, framkvæmdastjóri samtaka um kvennafrið, segir: „Oft tekur það langan tíma að viðurkenna fyrir sjálfum sér, að maður verði fyrir ofbeldi af því maður vill ekki skilgreina sjálfan sig sem þolanda. Við verðum að vekja athygli á þessu til þess að þolandi glæps eða kona sem sætir ofbeldi telji sig ekki bera ábyrgð á gjörðum annarrar manneskju.“ (Þýðing RÚV)

Andri Yrkill: „Þá eru enn ótalin þau atvik sem lögregla fær ekki veður af. Vantraust gagnvart dómskerfinu er þar talið spila inn í. En 18% tilkynninga um heimilisofbeldi gegn konum leiddu til saksóknar á síðasta ári.“

Lina á lokaorðið: „Á einhvern hátt tekur þetta aldrei enda eða þannig er tilfinningin. Margir segja það mögulegt að öðlast frelsi undan ofbeldi en ég held að ég verði aldrei frjáls.“ (Þýðing RÚV)

## Annar þáttur

Sviðmyndin er Alþingi. Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir nöldrar yfir því, að inn í þingsalinn þrammi næstum bara karlar, því bara tvær konur sé að finna í tiltekinni nefnd. Fjárlög koma til umræðu, m.a. í tengslum við veiruvarnir.

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar (SF) lýsir því yfir, að aðgerðirnar bitni meira á konum. (Algengt stef hjá kvenfrelsurum innan Sameinuðu þjóðanna og utan). Því þverneitar forsætisráðherra vor, Katrín Jakobsdóttir í Vinstri græningjahreyfingunni (SV). Segir það dauðans delllu.

Utan þings kveður Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður SF, sér hljóðs. (Hann er kunnur kvenfrelsari, sendur af flokki sínum í meðferð vegna eittraðrar karlmennsku.) Hann umtalar ríkisstjórn Katrínar sem ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar í hljóðvarpsviðtali.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi VG, hefur veður af þessu og blæs í kvenfrelsunarherlúðrana. Svandís ráðherra VG, blæs af krafti eins og henni er lagið. Hún sagði Ágúst Ólaf sýna „botnlausu kvenfyrirlitningu“ með orðum sínum. Og það er ekki í fyrsta sinn, bætti hún við með þjósti.

Samflokksmaður Ágústar Ólafs, hin framgjarna skjaldmey, Ragna Sigurðardóttir, formaður ungra jafnaðarmanna, hirtir hann heldur betur: „Svona eiga þingmenn ekki að tala. ... [U]mmælin minna óneitanlega á þá kynferðislegu áreitni sem þingmaðurinn sýndi af sér og léleg viðbrögð hans í kjölfar opinberunar hennar. ... „Allt þetta hlýtur að hafa áhrif á stöðu hans fyrir næstu alþingiskosningar.“

(Það eru almælt tíðindi, að þingmaðurinn þáði boð konu um að koma með sér að kvöldlagi á tóma skrifstofu, eftir dans og dufl. Honum datt ekki í hug, að konan vildi bara spjalla og lita í litabók – og reyndi að smella á hana kossi. Fyrir þessa ósvífni var hann dæmdur af dómstóli SF – sem á flesta kynferðisáreitna aðalfundarfulltrúa íslensku flokkanna – til meðferðar með sjúkdómsgreininguna, eittraða karlmennsku.)

Samflokksmaður Ágúst Ólafs, Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi, stynur þungan: „Úff, þetta er bara ekki í lagi...“

Ágúst Ólafur biðst enn einu sinni afsökunar á sjálfum sér: „Ég ætlaði mér ekki að gagnrýna eða draga í efa forystuhæfileika Katrínar sem ég ber mikla virðingu fyrir heldur var ætlunin að gagnrýna pólitík Sjálfstæðisflokksins, sem mér finnst ráða of miklu í áherslum þessarar ríkisstjórnar, sérstaklega í fjárlögum og fjármálaáætlun þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fer með málaflokkinn. ... En að sjálfsögðu ber Katrín ábyrgð á þessari ríkisstjórn og þessum fjárlögum og því hefði ég viljað sjá meiri áherslu á félagshyggju og umhverfismál í þeim.“

Samflokksmaður Ágústar Ólafs, Einar Kárason, varaþingmaður SF, renna þrengingar flokksbróðurins til rifja. „Þessi affera [málatilbúnaður] með orð Ágúst Ólafs um ríkisstjórn Bjarna Ben og móðganirnar og kröfur um afsökunarbeiðni, og að hann hafi orðið við þeim, er eitthvað það hallærislegasta sem maður hefur lengi séð úr íslenskrri pólitík, og er þó af ýmsu að taka.“

Kvenfrelsarinn, Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi jafnréttismálaráðherra Viðreisnar, þykir skoðanasystur hans full grimmdarlegar. „Það var augljóst hvað Ágúst átti við, hversu vel sem það var svo orðað. Það þurfi einbeittan vilja til að túlka það sem hreinræktaða kvenfyrirlitningu af hans hálfu.“

Þennan einbeitta vilja hefur Álfheiður Ingadóttir, fyrrverandi ráðherra VG: „Það er [...] ömurlegt þegar menn geta ekki dulið kvenfyrirlitningu sína. Hún bara skein svo skært í gegn hjá Ágústi Ólafi að það duldist engum nema innvígðum í Samfó [ætli það sé ekki Samfylkingin].“ Og skammar svo rithöfundinn fyrir að steðja kynbróður sínum til hjálpar úr kvenfrelsunarklípunni.

Blessuð sé minning Ágúst Ólafs Ágústssonar, sem hefur verið ötull kvenfrelsari um margra ára skeið, afar mjúkur karlmaður. Hann rak sig á hið fornkveðna, að „sjaldan launar kálfur ofeldið.“

## **Þriðji þáttur**

Í þessum þætti hefur Jóhanna Vígdís Hjaltadóttir enn leikstjórn á hendi. Dagsetningin er fjórði þessa mánaðar. Sviðsmyndin er RÚV, Alþingi og skrifstofa Samtakanna 78 (Félag samkynhneigðra og Félag iðkenda kvalalosta í kynlífi - BDDS).

Á Alþingi fer fram umræða um ennþá eitt frumvarp úr lagasmiðju VG, er lýtur að kynferði. T.d. er lagt til, að 15 ára unglingar fái að breyta kyni og nafni sínu, án aðkomu foreldra.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Miðflokks, telur frumvarpið „aðför að framförum og vísindum, þetta er aðför að frelsi foreldra, þetta er aðför að rétti heilbrigðisstarfsfólks, og þetta er aðför að réttindum barna.“

RÚV telur mest upplýsandi að taka fulltrúa ofangreindra samtaka tali til að bregða frekari birtu á málið. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður, verður fyrir valinu.

„Þær [breytingarnar] eru fyrst og fremst náttúrulega mikilvægar fyrir trans og intersex fólk. Margt af þessu er í raun og veru bara viðbragð við lögum um kynrænt sjálfræði, breytingar, sem þarf að gera vegna laga um kynrænt sjálfræði. Síðan eru þarna tvö frumvörp sem skipta alveg sérstaklega miklu máli.“

„Þetta eru krakkar að byrja í framhaldsskóla og vilja hafa lokið þessu fyrir þann tíma og gott að geta tekið ákvörðun um það sjálf.“

„Það er bara ekki rétt [sem Sigmundur segir] og þarna er verið að tryggja bestu mögulega heilbrigðisþjónustu fyrir börn. Þarna er ekki verið að tala um aðgerðir, sem að eru lífsnauðsynlegar, heldur er verið að banna aðgerðir, þar sem að útlitslegir þættir eða félagslegir þættir eru ráðandi sem rökstuðningur. Og það á bara ekki rétt á sér. Börn eiga að fá að velja hvort þau undirgangist svona aðgerðir og ef hægt er að bíða, þá á að bíða.“

Þorbjörg telur að gagnrýni á frumvörpin sé orðræða gegn hinsegin fólki. „Við erum bara á öðrum stað heldur en önnur ríki þar sem svona orðræða grasserar [...] t.d. í Bretlandi þar sem hatursglæpir gegn hinsegin fólki hafa aukist mikið. Við ætlum ekki að horfa fram á neitt slíkt hér.“

**Fjórði þáttur.** Leikstjóri er ennþá Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagsetningin er fimmti október. Þátturinn er sviðsettur í grennd við Borgarspítalann gamla og hjá Stígamótum.

Leikstjóri spyr Sólveigu Klöru Ragnarsdóttur, hvers vegna íslenskar vændiskonur séu nú hrelldar. (Af fyrri umfjöllun fréttastofu RÚV má draga þá ályktun, að þær séu kvenna kúgaðastar.)

Hún svarar: „Þær finna margar fyrir kvíða fyrir mögulegum samskiptum við smitragningateymið og því að þurfa að upplýsa um ferðir sínar og samskipti ... En eftirspurn eftir vændi hefur aukist síðustu mánuði og kaupendur eru orðnir ágengari.“ Heimild fréttarinnar skýrist.

Sunna Valgerðardóttir: „Atvinnuleysi, efnahagsþrengingar og félagsleg einangrun í faraldrinum hefur orðið til þess að margar þeirra kvenna, sem leita árlega til Stígamóta eftir aðstoð vegna vændis sjái enga aðra leið í stöðunni, en að selja sig.“ Sunna hefur þennan sannleika frá sérfræðingi Stígamóta, sem nú hefur upp raust sína.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, ráðgjafi hjá Stígamótum: „Þær [íslenskar vændiskonur] eru að íhuga að fara aftur í vændi eða eru jafnvel farnar aftur í þær aðstæður af því að ekkert annað býðst, þó að þær vilji það alls ekki og eru hér einmitt til að vinna úr afleiðingum þess að hafa verið í vændi. En þetta er kannski eina lausnin sem þær sjá, þegar efnahagsástandið verður eins og það er núna.“

Sunna spyr með hneykslan í röddinni: „Og það er alltaf eftirspurn á þessum markaði – eða hvað? Steinunn: „Það virðist ekki vera neitt vandamál.“

Eva Dís Þórðardóttir, fyrrum kynlífssali, ráðgjafi í sjálfshjálparhópi hjá Stígamótum fyrir kynlífsþjóna (kvenkyns), tekur nú við: „Vændiskaupendur virðast vera ágengari, að þeir eigi að fá að kaupa, það sem þeir hafa keypt áður.“

Sunna spyr: „Er eftirspurnin meiri eða minni?“ Eva Dís: „Hún er meiri.“ Aðspurður segir alfaðir, Víðir Reynisson, umvandandi. „Það er ekki gott, að þessi starfsemi þrífist“ og að það sé eftirspurn eftir henni.

Sunna vitnar nú til Stígamótaheimildamannsins: „Eva segir þrýstinginn birtast í hótunum og meiri ýtni. Lokun skemmtistaða, aukin einangrun og vanlíðan geti allt orsakað aukna eftirspurn. Brotthvarf ferðamannanna skiptir litlu máli.“

Eva Dís: „Þetta eru íslenskir karlmenn aðallega, sem eru að leita að vændiskaupum.“

Sunna: „Eva Dís er í reglulegum samskiptum við hátt í tuttugu íslenskar konur sem eru í vændi innan og utan höfuðborgarsvæðisins.“

Eva Dís heldur ábúðarfull áfram: „Þær eru smeykar, þeim líður ekki vel, þær vita að ef kemur upp smit hjá þeim að þá lenda þær í erfiðleikum með að útskýra, hvar þær hafa hitt þá, sem þær hafa hitt.“

Steinunn Stígamótakona: „Þær lifa margar hverjar algerlega tvöföldu lífi til þess að fela vændið fyrir fjölskyldu og vinum og frá venjulega sjálfinu sínu. Svo bætist

smitrakningin inn í þessa jöfnu.“ (Stígamót beita í ráðgjöf sinni sálsýkiskenningu; klofningi sjálfsins, fjölmanngerð (multiple personality), bældum minningum, áfallalosti, þvingaðri þrælslund, innhverfðri ógn, ofbeldisótta sem og kynvakatruflunum, kerfissamsæri, karlasamsæri og karlfólsku, til að útskýra ábyrgðarleysi kvenna á sjálfum sér og gjörðum sínum.)

Hin Stígamótakonun, Eva Dís, spyr: „Ef að kona smitast svona fær hún einhvern trúnað, fær hún einhverjar ráðleggingar, getur hún opnað sig við einhvern trúnaðarmann innan smitakningateymisins?

Nú tekur Steinunn við aftur: „Það veldur þeim rosalega miklum kvíða og ótta [hvort] smitakningateymið ... velti fyrir sér hverja þær eru búnar að hitta og af hverju og allt það.“

Víðir huggar Stígamótakonur, fréttamenn og kynlífssala. Hann segir smitakningateymið ekki hafa áhuga á vændiskaupendum (en það hefur aftur á móti bæði RÚV og kynferðisafbrotadeild lögreglunnar).